

Flóahreppur  
Magrét Sigurðardóttir  
Pingborg  
801 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. ágúst 2008  
Tilvísun: UST20080100105/sf

## Aðalskipulag Flóahrepps 2006-20018 í fyrrum Villingaholtshreppi

Vísað er til erindis Flóahrepps dags. 13. júní sl. þar sem fram kemur að sveitarfélagið hefur samþykkt að auglýsa tillögu að aðalskipulagi í fyrrum Villingaholtshreppi 2006-2018. Samkvæmt auglýsingu er athugasemdafrestur til 31. júlí. Þrátt fyrir að frestur til að gera athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu sé liðinn vill Umhverfisstofnun koma á framfæri eftirfarandi athugasemnum og ábendingum.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að í stefnumörkun aðalskipulagsins er lögð áhersla á verndun votlendissvæða, búsvæða tegunda á válista og svæða sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt að gert sé ráð fyrir að úttekt verði gerð á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst vegna uppbyggingar innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

### Samráð við hagsmunadila

Í kafla 1.4.2 í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni er fjallað um samráð við stofnanir og fyrirtæki. Þar segir m.a. að „haft verður samráð við Umhverfisstofnun varðandi efnistök og afmörkun náttúruverndarsvæða og hverfisverndarsvæða.“

Umhverfisstofnun telur óljóst hvernig standa eigi að slíku samráði og í hverju það á að felast eftir að aðalskipulagstillagan hefur verið staðfest. Í ljósi þess að það er hlutverk sveitarstjórnar að móta stefnu um hverfisverndarsvæði og skilgreina mörk slíkra svæða og þar sem mörk hverfisverndarsvæða eru yfirleitt ekki skilgreind í samráði við Umhverfisstofnun telur stofnunin að endurskoða þurfi umfjöllun um samráð í greinargerðinni.

### Efnistaka

Í umfjöllun um framkvæmdaleyfi í kafla 5.2.5 í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni segir m.a.:

„*Leyfið er enn fremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.*“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt ef efnistakan er í

samræmi við staðfest aðalskipulag sem stofnunin og viðkomandi náttúruverndarnefnd hafa gefið umsögn um.

Í umfjöllun um framkvæmdaleyfi í greinargerð segir einnig:

„*Skv. ákvæði IV til bráðabirgða í náttúruverndarlögum er öll efnistaka óheimil eftir 1. júlí 2008 nema að fengnu leyfi sveitarstjórna.*“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að framangreint er ekki rétt, því samkvæmt fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði skal eftir **1. júlí 2012** afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999, sbr. einnig texta á bls. 49 í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafslotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistökuna:

- a. áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira,
- b. áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri,
- c. áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira,
- d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skulu ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, gilda um efnistökuna.

### Vatnsvernd

Í umfjöllun um íbúðarsvæði Í7, Stórholt og Smáholt, í töflu á bls. 45 í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir húsbyggingum á svæðinu fyrr en vatnsvernd hefur verið aflétt. Það sama kemur fram í umfjöllun um frístundabyggð í landi Heiðarbæjar (svæði F14, Dælarétt) í töflu á bls. 54, þ.e. ekki er gert ráð fyrir frekari húsbyggingum á svæðinu fyrr en vatnsvernd hefur verið aflétt árið 2009. Þrátt fyrir það er ekkert vatnsverndarsvæði sýnt á aðalskipulagsupprætti þar sem þessi svæði eru staðsett og engin umfjöllun um vatnsverndarsvæði á því svæði í greinargerð með aðalskipulaginu. Umhverfisstofnun telur að gera verði betur grein fyrir þessu í aðalskipulaginu og verður að gæta samræmis á milli skipulagsupprættar og greinargerðar með aðalskipulaginu.

Á bls. 69 í greinargerð kemur fram að sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum. Þrátt fyrir það liggar svæði fyrir frístundabyggð, F12 Hnaus, að hluta til innan vatnsverndarsvæðis. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt skilgreina svæði fyrir frístundabyggð innan vatnsverndarsvæðis, þrátt fyrir að stefnt sé að því að afléttu vatnsvernd í öllum Villingaholtshreppi fyrir árið 2010, sbr. umfjöllun í kafla 5.3.2. Frístundabyggð hefur í för með sér hættu á mengun vegna frárennslis frá byggðinni. Stofnunin telur að áður en tekin er ákvörðun um byggð innan viðkomandi svæðis og hún afmörkuð á aðalskipulagi verði að vera búið að tryggja nýja leið í öflun neysluvatns og afléttu vatnsvernd á svæðinu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum verði lögleidd hér á landi. Bent er á ákvæði í 4. gr. 1. tl. a, b og c í tilskipuninni um umhverfismarkmið vegna yfirborðsvatns, grunnvatns og verndaðra svæða sem munu taka gildi við innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Samkvæmt markmiðum tilskipunarinnar er

m.a. stefnt að því að viðhalda og bæta vatnsgæði. Umhverfisstofnun telur því óvarlegt að gera ráð fyrir uppbyggingu á þeim lindasvæðum og vatnsverndarsvæðum sem nú eru í notkun, jafnvel þótt til þess gæti komið að vatnsvernd verði aflétt í framtíðinni.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að gert ráð er fyrir efnistökusvæði innan fjarsvæðis vatnsverndar, sbr. námu E1 á skipulagsuppdrætti.

Í kafla 5.3.3 í greinargerð kemur fram að sveitarstjórn stefnir að því í samráði við heilbrigðisnefnd að fram fari úttekt á vatnasvæðum, í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999. Síðan verði sett viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns átti flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, að vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar, þ.e. **fyrir 1. nóvember 2003**. Flokkun vatns skv. ákvæðum reglugerðarinnar ætti því nú þegar að vera lokið í öllum sveitarfélögum. Hafi slík flokkun þó ekki farið fram telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í aðalskipulagi séu sett fram **tímasett markmið** varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar um flokkun vatns verði uppfyllt.

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er kafli er nefnist „*Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum*“ (sjá bls. 62), en samkvæmt gr. 4.21.1 í skipulagsreglugerð skal í svæðis- og aðalskipulagi gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við nágildandi reglugerðir. Í nágildandi reglugerðum eru ekki skilgreind „*verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum*“.

### Frístundabyggð /ibúðabyggð

Í umfjöllun um frístundabyggð í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að frístundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útvistargildis. Þá kemur fram að gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróðursvæði, s.s. votlendi eða tegundir á válista verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda. Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnumörkun en vekur jafnframt athygli á að miðað við gróðurkort á bls. 15 í greinargerð er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir frístundabyggð á votlendissvæðum. Samkvæmt upplýsingum um stærð svæða undir frístundabyggð og fjölda lóða í töflu á bls. 53 í greinargerð geta lóðir verið allt að 3,3 ha og því fremur stórar miðað við það sem almennt gerist. Stofnunin telur því eðlilegt að skoða þann kost að minnka lóðir og þar með svæði undir frístundabyggð til að stuðla að því markmiði að vernda votlendi í sveitarfélaginu.

### Ibúðabyggð

Í greinargerð eru sett fram sams konar markmið fyrir ibúðarbyggð og fyrir frístundabyggð og skal m.a. taka tillit til svæða sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrfars. Nokkur ibúðarsvæði (Í1, Í2, Í3 og Í7) virðast vera innan votlendissvæða sbr. afmörkun á skipulagsuppdrætti og gróðurkort í greinargerð. Umhverfisstofnun telur að þar mætti skoða þannig kost að minnka lóðir til að draga úr stærð svæðanna og þar með hugsanlegum áhrifum á votlendissvæði.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umfjöllun um leiðir að markmiðum í kafla 5.2.1 er á einum stað sett fram stefna varðandi frístundabyggð en þar segir: „*Taka skal tillit til landslags, söguslóða, gróðurfars og útsýnisstaða við skipulag frístundabyggðar.*“

### Skógrækt

Á bls. 56 í greinargerð koma kemur m.a. fram eftirfarandi markmið vegna skógræktar og landgræðslu á landbúnarsvæðum:

„*Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.*“

Umhverfisstofnun telur að betra væri að vísa einnig til ákveðinna lagagreina í lögum um náttúruvernd þannig að ljóst sé við hvaða svæði er átt.


Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með aðalskipulaginu eigi að koma fram að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

### Fráveita

Í kafla 5.4.7 kemur fram að stefnt er að því að öll byggð í Villingaholtshreppi verði tengd viðurkenndum rotþróum á næstu árum og að sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.

Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að veita fráveituvatni frá einstökum húsum, þ.m.t. íbúðarhúsum lögbýla, frístundahúsum og fjallaskálum sem ekki verður veitt í fráveitur, um rotþró og siturleiðslu, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin telur að setja eigi nákvæmari tímasetningu um úttektir og úrbætur í fráveitumálum í greinargerðinni.

Virðingarfyllst

  
Sigurrós Friðriksdóttir



Hjalti J. Guðmundsson

Afrít: Skipulagsstofnun.